



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 12. október 2015, kl. 11:00 í Fjölheimum, Selfossi. Símafundur.

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Gunnar Þorgeirsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Þórður Sigurðsson, Dagný Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir og ritar Valgerður fundargerð. Magnús Bragason er fjarverandi. Fundur er settur kl 11:06.

Dagskrá

Ferðamálastofa – staða samninga/ ný ferðamálastefna

Rædd er ný ferðamálastefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem virðist setja nýjan tón í ferðamálum. Verður spennandi að heyra nánari útlistun á þessari stefnu á fundi sem haldin verður seinna í dag. Rætt um möguleg áhrif hennar á starfsemi Markaðsstofunnar og hvernig við getum undirbúið okkur undir komandi tíma, einnig sameiginlega með Markaðsstofum landshlutanna, til að tryggja hagsmuni Suðurlands og landsbyggðarinnar í heild.

Þá er óbreytt staða er varðar samninga Ferðamálastofu við Markaðsstofurnar. Þó hefur verið gefið út að fjármagn til þeirra mun vera óbreytt krónutala frá fyrra ári fyrir árið 2016. Verður miðað við þær forsendur við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Verkefni sl. mánaðar

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni síðastliðins mánaðar.

- **MSS** tók þátt í VestNorden í Færeyjum í lok september og átti þar gott samstarf með Ríki Vatnajökuls. Fjölmarginir mjög góðir fundir. Marginir kaupendur að leita sér að nýjungum í gistingu, mat og afþreyingu. Einnig mikið spurt um nýja áfangastaði á Suðurlandi og nýja hringi. Fundargestir mjög áhugasamir um bæklingin og sendum við hátt í 400 eintök út í heim að sýningu lokinni, þar sem hann nýttist vel til að skipuleggja ferðir. Eftirfylgni, bæði innanlands til aðildarfyrirtækja sem og viðeigandi aðila í stoðkerfinu rædd og mikilvægi hennar ítrekað. Sá þáttur ekki síður mikilvægur sem mælikvarði á árangur þátttöku í slíkum sýningum.
- **Innheimta** aðildargjalda hefur gengið vel og útlit fyrir að ný gjaldskrá sé að skila sér vel.
- **FAM hópur** Íslandsstofu og WOWair var á ferðinni um Suðurlandið um miðjan september. Var ferðin skipulögð af MSS og komu fulltrúar svæða að móttöku gestanna. Gekk það vel upp og mikil ánægja meðal gesta bæði með ferðina og fyrirkomulagið.
- **Suðurlandskypping** í Iceland Review/Atlantica gekk vel og náðist markmið um auglýsingasölu til að gefa út sér blaðauka. Þar fékk landshlutinn góða kynningu og er blaðaukinn farinn í prentun og verður í dreifingu til áramóta. Áherslan var á haust/vetur og mismunandi þemu voru til grundvallar efnisumfjölluninni.
- MSS veitti viðurkenningu **Vakans**, gæða- og umhverfiskerfis vottun ferðabjónustunnar til South Iceland Adventure fyrir hönd Ferðamálastofu. Er það eitt af þeim verkefnum sem Markaðsstofan vinnur með FMST og styður við gæðamál og vitund á svæðinu.
- Uppfærsla **heimasíðu** (www.south.is) ásamt **samfélagsmiðlum** vegur ávallt stórt í verkefnum Markaðsstofunnar, var það einnig fyrirferðamikið á tímabilinu.



Markaðsstofa Suðurlands

- Markaðsstofan sótti einnig ýmsa fundi er tengjast starfseminni og ásamt því að heimsækja nokkur aðildarfyrirtæki.

Verkefni framundan

- **Ferðamálaþing** á Akureyri í lok október.
- Markaðsstofan mun taka þátt í **World Travel Market** með Íslandsstofu í byrjun nóvember.
- Könnun hefur verið send vegna **uppskeruhátíðar** MSS til að leggja grunn að undirbúningi hennar. Niðurstaða lögð fyrir á næsta fundi.
- **Fréttabréf** MSS verður sent út í október.
- **Samningar** fjögurra sveitarfélaga eru lausir, ósk um endurnýjun send út í október. Boðin verður kynning á MSS að venju.
- **Fjárhagsáætlum** MSS er í undirbúningi.
- Undirbúningur og vinna við **markaðsgreiningu** fyrir áfangastaðinn Suðurland er að fara af stað.
- Þétt samstarf **Íslandsstofu** gengur mjög vel. Herferðir #ASKGudmundur og PR samstarf heldur áfram.
- **Sameiginlegt kynningarefni Markaðsstofa landshlutanna** inn á Leifstöð er í undirbúningi.
- **Innri markaðssetning** á starfsemi Markaðsstofunnar er í bígerð. Hugmyndin er að búa til bækling fyrir MSS þar sem Markaðsstofan er kynnt fyrir fyrirtækjum sem ekki eru aðilar ásamt myndrænu efni (e. Infographics). Efnið verður einnig nýtanlegt til upplýsinga fyrir núverandi aðila, á heimasíðu og víðar.
- Ákveðið er að senda aðilum **rafrænt logo MSS** til að setja inn á heimsíður aðildarfyrirtækja.
- Undirbúningur **Mannamóta** er komin á fullt skrið. Þau verða haldin 21. janúar 2016

Önnur mál

- Ákveðið er að ef stjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerð innan tveggja sólarhringa, telst fundargerð samþykkt.
- Dagpeningar framvæmdastjóra vegna ferða erlendis er tekið til umræðu. Ákveðið er að fylgja leiðbeiningum RSK er varða dagpeninga.
- Mid- Atlantik verður í febrúar 2016. Ákveðin er þátttaka Markaðsstofunnar þar.

Fundi slitið kl 12:32



Markaðsstofa Suðurlands